

Lög Klifursambands Íslands (KÍ)

1. grein

Heiti sambandsins er Klifursamband Íslands, skammstafað KÍ. KÍ, fer með æðsta vald um öll mál klifuríþróttarinnar innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí). Aðsetur sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Klifursamband Íslands er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll héraðssambönd og íþróttabandalög ÍSí, sem hafa innan sinna vébanda félög er iðka, æfa og keppa í klifuríþróttinni, geta orðið aðilar að Klifursamband Íslands.

3. grein

Hlutverk KÍ er í meginatriðum eftirfarandi:

- a) Að vinna að stofnun nýrra félaga og deilda og efla á annan hátt klifuríþróttina í landinu.
- b) Að setja nauðsynlegar reglur um málefni klifur íþróttarinnar á Íslandi, löggilda dómara, vinna að heildarskipulagi móta svo sem Íslandsmóta og bikarmóta.
- c) Að vera fulltrúi klifur íþróttarinnar í alþjóðlegu samstarfi og leitast við að reglur varðandi íþróttina á Íslandi séu í samræmi við alþjóðareglur.

4. grein

Málefnum Klifursambands Íslands er stjórnað af :

- a) Klifurþingi
- b) Stjórn KÍ.

5. grein

Reikningsár KÍ er almanaksárið.

6. grein

Klifurþingið fer með æðsta vald í málefnum KÍ og skal haldið árlega á tímabilinu mars til maí. Þingið sitja tilnefndir fulltrúar þeirra aðila sem mynda KÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra klifuriðkenda, þannig að fyrir allt að 25 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða 2 brot úr 25, allt að 100 iðkendum og þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 iðkendum þar fram yfir. Klifurþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum/sérráðum.

Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu og framboð til stjórnar skulu berast stjórn KÍ a.m.k. þremur vikum fyrir þing. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing, skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum/sérráðum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Klifurþing er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

7. grein

Á Klifurþingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt hafa:

- a) Stjórn KÍ
- b) Heiðursformaður og heiðursfélagar
- c) Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ
- d) Fastráðnir starfsmenn KÍ
- e) Fulltrúar í fastanefndum KÍ

Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal skila kjörbréfum inn til stjórnar KÍ eigi síðar en viku fyrir þing. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur auk þess farið með önnur atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess sambandsaðila sem hann er fulltrúi fyrir. Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða.

8. grein

Dagskrá Klifurþings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
5. Ávörp gesta.
6. Álit kjörbréfanefndar.
7. Skýrsla stjórnar lögð fram.
8. Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
10. Gjaldskrá KÍ borin fram til samþykktar.
11. Tillögur um breytingar á lögum og reglum KÍ teknar til umræðu og afgreiðslu.

12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.
13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu og þingmeirihluti leyfir.
Umræða og atkvæðagreiðsla.
14. Kosningar:
 - stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein
 - 2 skoðunarmenn reikninga.
 - fastanefndir sem starfa milli klifurþinga.
 - fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttþing ÍSÍ fer fram.
15. Þingslit.

Allar kosningar geta verið skriflegar sé þess óskað sérstaklega, annars í heyranda hljóði. Hlýtur sá kosningu, sem flest atkvæði fær. Falli atkvæði jafnt í stjórnarkjöri skal kosning endurtekin. Ef atkvæði eru ennþá jöfn skal kjósa á ný. Falli atkvæði enn jafnt, skal hlutkesti ráða og skal þingforseti annast hlutkestið.

9. grein

Aukaping má halda ef nauðsyn krefur eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um aukaping sömu reglur og um reglulegt klifurþing.

10. grein

Stjórn KÍ skal skipuð af 5 einstaklingum. Kjósa skal hlutbundinni kosningu, fyrst formann og síðan aðra stjórnarmenn. Annað hvert ár skal kjósa formann og tvo stjórnarmenn en hitt árið er kosið um tvo sæti í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn KÍ til eins árs í senn. Stjórnarmenn skulu kosnir til 2ja ára í senn.

11. grein

Helstu störf stjórnar KÍ eru:

- a) Að framkvæma ályktanir og samþykktir Klifurþings.

- b) Að annast rekstur sambandsins.
- c) Að vinna að eflingu klifuríþróttarinnar um land allt.
- d) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir klifuríþróttina.
- e) Að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum reglum, lögum sambandsins og fyrirmælum klifurþings.
- f) Að ákveða stund og stað fyrir Klifurþing.
- g) Að raða niður og ákveða stað og stund fyrir landsmót og bikarmót í samráði við stjórnir héraðssambanda og íþróttabandalaga (sér ráða).
- h) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- i) Að sinna fyrir hönd Íslands alþjóðlegu samstarfi í málefnum klifuríþróttarinnar.
- j) Að innheimta gjöld samkvæmt samþykktri gjaldskrá af félögum/deilum.

12. grein

Ársskýrslur og ársreikningar sambandsaðila KÍ skulu berast á tölvutæku formi til ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert, sbr. lög ÍSÍ.

13. grein

Félög/deildir með iðkendur í klifri skulu skila inn viðurkenndri umsókn KÍ til stjórnar sambandsins um mót sem þau vilja halda. Fulltrúum stjórnar er skylt að vera viðstaddir öll mót í greininni.

14. grein

Félagaskipti skulu fara fram í samræmi við Regluverk KÍ.

15. grein

Um öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan klifuríþróttarinnar skal farið með skv. kafla 4 í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ.

16. grein

Merki KÍ er stafurinn K, brotinn upp þannig að hann myndar skammstöfun sambandsins, KÍ. Stafirnir eru myndaðir úr þríhyrningum, líkt og finnast á klifurveggjum. Litir merkisins er rauður og þrír tónar af bláum. Önnur leyfileg útgáfa af merkinu er með nafni sambandsins til hliðar við merkið og klifrara sem hangir í stafnum K.

17. grein

Heiðursfélagi KÍ má kjósa á Klifurþingi. Heiðursfélagar KÍ hafa rétt til setu á Klifurþingum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

18. grein

Heiðursformann KÍ má kjósa á Klifurþingi, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið. Heiðursformaður KÍ kemur fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður fela honum það.

19. grein

Tillögur um að leggja KÍ niður, má aðeins taka fyrir á lögsmætu Klifurþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða kjörinna fulltrúa. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni. Tillagan skal svo tekin til umræðu og lokaafgreiðslu á næsta Klifurþingi. Verði hún þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KÍ niður.

20. grein

Sé KÍ þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir KÍ til varðveislu.

21. grein

Lög þessi öðlast gildi þegar eftir samþykkt þeirra á ársþingi KÍ og framkvæmdstjórn ÍSÍ hefur staðfest þau. Falla þá eldri lög úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða, sem fellur út úr lögum þessum eftir ársþing Klifursambands Íslands árið 2022:

Á stofnþingi 2021 skulu kjörnir tveir stjórnarmenn til eins árs.

Þannig samþykkt á stofnþingi KÍ 27. september 2021.